

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, sbr. lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. febrúar 1993.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

3. febrúar 1993

Nr. 76

GJALDSKRÁ

**yfir þjónusturannsóknir sem Tilraunastöð
Háskóla Íslands í meinafræði annast.**

1. gr.

Gjald Tilraunastöðvarinnar fyrir útselda ráðgjöf og sérfræðiþjónustu skal vera sem hér segir:

Sérfræðingur	3 200 kr/klst.
Aðstoðarmaður	1 800 kr/klst.

2. gr.

Gjald fyrir móttöku sýnis, undirbúning fyrir rannsókn og svarbréf með niðurstöðum er kr. 950.

Þegar um er að ræða fleiri en eitt sýni sama eðlis frá sama eiganda/aðila er aðeins tekið móttökugjald fyrir fyrsta sýni.

3. gr.

Gjald fyrir rannsóknir á innsendum sýnum sem stofnunin annast í dagvinnutíma skal vera sem hér segir:

1. Krufningar

nautgripir	4 000
hross	5 000
svín (fullorðin)	3 000
svín (sláturgrísir)	2 000
svín (smágrísir)	1 000
sauðfé	2 000
lömb	1 000
hundar, kettir	2 000
refir	1 000
minkar	500
hænsni	500
önnur smádyr	500

2. Líffæri

Skoðun á líffærum (per dýr)	500
---------------------------------------	-----

3. Sýklaræktun

Almenn sýklaræktun	900
Salmonella, forræktun og forgreining	2 030
Salmonella, biogreining (API 20E)	2 640
Salmonella, serumgreining á stofni	1 870
Treponemaræktun	2 030
Campylobacter ræktun og greining	2 180
Svepparæktun	2 030
Næmispróf	1 580
Fúkalyfjaathugun á agaræti (allt að 2 sýni)	3 400
Typugreining á hreinrækt	1 700

4. Veffjaskoðun

Innsteyping, skurður og litun	2 500
per umfram litun	1 000
Skóðun	1 030

5. Blóðvatnsrannsókn

Almennt gjald	800
Plasmacytosis	40/sýni

6. Blóðmeinafræði

50/mæling/sýni

7. Sníkjudýra- og meindýragreiningi

Ormaeggja- og einfrumungaleit í saursýnum með formalín-ethylacetat botnfellingu	2 050
Cryptosporidium leit (Ziehl Neelsen litun)	2 050
Ormaeggja- og einfrumungaleit í saursýnum með saltfleytiðferð	800
Safnsýni með 10 sýnum	2 050
Leit að lungnaormalifrum í saursýnum með Baermann botnfellingu	800
Safnsýni með 10 sýnum	2 050
Leit að kláðamaur í húðskrapi	800
Greining sníkju- og meindýra	1 250

8. Ýmsar rannsóknir

Hormónamælingar (bioassay í rottum)	
framkv. og útreikningar	12 530
rottur	220/stk.
Prófun á eiturvirkni lyfja (toxicity test í músum)	2 030
„Sterility“ prófun á lyfjum/bóluefnum	4 060

9. Önnur þjónusta

Framleiðsla mótefna í kaninum	32 000/kanína
Brennsla á hræjum	25/kg

4. gr.

Við rannsókn á hjarðvandamálum í kjúklingabúum eða loðdýrabúum skal taka fullt gjald fyrir rannsókn á fyrsta sýni en síðan hálf gjald fyrir þriðja hvert dýr. Hið sama gildir um rannsóknir á nýfæddum dýrum og fóstrum.

5. gr.

Ef senda þarf sýni erlendis til rannsóknar skal taka gjald fyrir frágang á sýni kr. 200 fyrir 1. sýni og síðan kr. 100 á sýni. Auk þess greiðir verkbeiðandi sendingarkostnað og reikning frá hinum erlenda rannsóknaraðila.

6. gr.

Stofnuninni er heimilt að leggja 30% álag á gjald fyrir rannsóknir samkvæmt 3. gr., sé þess óskað að þær verði gerðar utan dagvinnutíma.

7. gr.

Gjald fyrir rannsóknir sem ekki eru taldar upp í 3. gr. skal ákveða í samræmi við fjölda vinnustunda sbr. ákvæði 1. gr. og annan kostnað hverju sinni.

8. gr.

Stofnuninni er heimilt að innheimta gjald vegna ferðakostnaðar miðað við útlagðan kostnað (fargjöld) og/eða akstur samkvæmt taxta aksturskostnaðarnefndar ríkisins.

9. gr.

Heimilt er að veita 30–50% afslátt frá gjaldskrá samkvæmt 3. gr. þegar um fleiri en 10 sýni frá sama eiganda/sendanda er að ræða og reglum sem stofnunin setur um sýnatöku, merkingu sýna og sendingu er fullnægt.

10. gr.

Stofnuninni er heimilt að vinna eftir verksamningi eða gera föst verktílbod vegna sérfræðiráðgjafar og þjónusturannsókna og skal þá stuðst við taxta sbr. 1., 2. og 3. gr. gjaldskrárinnar.

11. gr.

Gjalddagi reikninga er 30 dögum eftir útgáfu. Stofnuninni er heimilt að innheimta dráttarvexti sé skuld ekki greidd fyrir gjalddaga.

12. gr.

Gjaldskrá þessi skal breytast 1. nóvember og 1. maí ár hvert í samræmi við vísitölu vöru og þjónustu.

13. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 67 frá 11. maí 1990 um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 3. febrúar 1993.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.

AUGLÝSING

um ábyrgðartryggingu ökutækja o.fl.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 91. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, er ákveðið að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækja samkvæmt 2. mgr. 91. gr. skuli vera 434 millj. kr. vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda og 94 millj. kr. vegna tjóns á munum.